

24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla ségreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í svíksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.